



## Ársfundur Þekkingarsetursins á Blönduósi 2015

**haldinn í Kvennaskólanum föstudaginn 29. maí kl. 14**

### Dagskrá:

- 1) *Skýrsla stjórnar*
- 2) *Skýrsla framkvæmdastjóra*
- 3) *Afgreiðsla reikninga*
- 4) *Umræður um skýrslur og reikninga*
- 5) *Kosning endurskoðenda*
- 6) *Tillögur um breytingar á samþykktum*

*Breytingar á núgildandi 2. mgr. 6. gr. samþykpta Þekkingarsetursins á Blönduósi ses. Eftir breytingu er tillaga stjórnar að 2. mgr. 6. gr. hljóði eftirfarandi:*

*„Fulltrúaráðið er ráðgefandi fyrir stjórn. Fulltrúaráð skal fylgjast með rekstri stofnunarinnar og hafa eftirlit með störfum stjórnar og framkvæmdastjóra. Fulltrúaráð skal koma saman a.m.k. einu sinni á ári. Fulltrúaráð skal kjósa stjórn Þekkingarsetursins á Blönduósi ses. Sem skipuð er þremur mönnum og (tveimur til vara).“*

- 7) *Skipun varamanna*
- 8) *Starfs- og rekstraráætlun yfirstandandi árs*
- 9) *Önnur mál*

Mætt eru Katharina Schneider, Arnar Þór Sævarsson, Valgarður Hilmarsson, Þóra Sverrisdóttir, Elín S. Sigurðardóttir, Jóhanna E. Pálmadóttir, Berglind Björnsdóttir, Guðmundur R. Stefánsson. Erla Björk Ólafsdóttir og Erla Ísafold Sigurðardóttir boðuðu forföll.

Arnar Þór Sævarsson setti fund og tilnefndi Þóru Sverrisdóttur sem fundarritara og Valgarð Hilmarsson sem fundarstjóra og var það samþykkt.

1. Arnar Þór kynnti skýrslu stjórnar. Haldnir voru sjö stjórnarfundir árið 2014 og var það annað heila starfsár Þekkingarsetursins. Stjórnina skipa Arnar Þór Sævarsson, Valgarður Hilmarsson og Þóra Sverrisdóttir. Nú er í gildi samningur við Menntamálaráðuneytið 2015-2017 og eru fjárframlög um 19,5 milljónir á ári. Starfsemin hefur vaxið og góður árangur náðst. Heimamenn eru að verða betur meðvitaðir um starfsemi Þekkingarseturs og leita töluvert til stofnunarinnar. Núna í sumar verður farið í átak á lóð Kvennaskólans. Textíllistamiðstöðin hefur farið vel af

stað og lofar góðu með þá starfsemi og setja listamennirnir svip á samfélagið. Ársfundur Þekkingarsetra á Íslandi var haldinn á Blönduósi árið 2015. Mikil tækifæri liggja í textílnum hér og er Þekkingarsetrið á Blönduósi eina Þekkingarsetrið á Íslandi sem hefur textíl sem sérsvið. Í dag eru fimm starfsmenn í 3,75 stöðugildum hjá Þekkingarsetrinu, allir háskólamenntaðir. Að lokum þakkaði Arnar stjórn og starfsmönnum gott samstarf.

2. Katharina kynnti skýrslu framkvæmdastjóra sem sjá má á heimasíðu Þekkingarsetursins á Blönduósi. Í skýrslunni er farið yfir starfsemi Þekkingarsetursins, starfsmannahald, fræða- og rannsóknastarfsemi á sviði laxfiska og strandmenningar, starfsemi á sviði textíls og aðra starfsemi, svo sem kynningafundir á niðurstöðum þarfagreiningar á námsframboði á Norðurlandi vestra, aðkomu að átaksverkefni um eflingu ferðamála í A-Hún., þýðingar fyrir fyrirtæki og stofnanir og áframhaldandi uppbygging á aðstöðu í Kvennaskólanum. Katharina fór einnig stuttlega yfir starfsemi Þekkingarsetursins það sem af er ársins 2015 og það sem er framundan. Hlutverk Þekkingarsetra er að vera regnhlíf yfir rannsóknarstarfsemi og setur á svæðinu, það þarf að þróa betur.
3. Katharina kynnti ársreikning Þekkingarsetursins 2014. Tekjur ársins voru kr. 24.275.445 og gjöld kr. 25.677.948. Rekstrarhalli að teknu tilliti til fjármagnstekna og gjalda var kr. 1.331.743. Eigið fé í lok árs er kr 6.387.576.
4. Guðmundur lýsti ánægju sinni með starfsemi Þekkingarsetursins og aðkomu Landsvirkjunar að þessari stofnun. Honum líst vel á þær hugmyndir sem fram komu í skýrslu framkvæmdastjóra um að hafa starfsmann í móttöku fyrir Kvennaskólann og þá starfsemi sem þar er staðsett. Telur það mikilvægt. Valgarð haldi framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum fyrir vel unnin störf. Jóhanna sagði frá því að fyrir tíu árum síðan voru þrír reflar í heiminum en núna eru þeir orðnir fjölmargir. Vatnsdæluþrellinn verður væntanlega einn af þeim sem munu taka þátt í rannsóknarverkefni á skýringu þessarar refsbylgju. Jóhanna skýrði frá því að 800 þús. kr. styrkur var að fást til námsferðar vegna undirbúnings þrjónahátíðar sem fyrirhuguð er í júní 2016. Valgarð bar upp ársreikning Þekkingarsetursins 2014 sem var samþykktur samhljóða.
5. Tillaga var borin upp um Þorstein G. Þorsteinsson sem endurskoðanda og var hún samþykkt samhljóða.
6. Arnar kynnti að farist hafi fyrir að setja í samþykktir Þekkingarsetursins um kosningu varamanna í stjórn. Arnar kynnti tillögu að breytingum sem auglýstar voru með fundarboði og var hún samþykkt samhljóða.
7. Arnar tilnefndi Magdalenu Berglindi Björnsdóttur og Erlu Ísafold Sigurðardóttur sem varamenn í stjórn Þekkingarsetursins á Blönduósi og var það samþykkt samhljóða. Tilkynnt var að Jóhanna Erla Pálmadóttir situr núna í fulltrúaráði fyrir hönd Textílseturs Íslands í stað Jóhönnu Halldórsdóttur.
8. Katharina kynnti starfs- og rekstraráætlun Þekkingarsetursins árið 2015. Starfsáætlun má finna á heimasíðu Þekkingarsetursins.
9. Önnur mál voru engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt, fundi slitið.

Þóra Sverrisdóttir